

Mál nr. 320/2016**M og****vátryggingafélagið V v. málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Krafa um greiðslu úr málskostnaðartryggingu og hvenær ágreiningur hófst vegna samskipta aðila á árunum 2012-2016.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 28.9.2016 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 11.10.2016
3. Athugasemdir lögmanns M við bréf V dags. 14.10.2016

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M tók lán hjá banka með lánasamningi dags. 17. júlí 2006. M vísar til þess að bankinn hafi endurútreiknað lánið og skilmálabreytt því og tilkynnt það til M með bréfi dags. 12.9.2012. Í kjölfar þess hafi M þann 26.9.2012 sent fyrirspurn til bankans vegna þessa og bankinn hafi svarað henni. M segist hafa snúið sér til lögmanns í ársbyrjun árið 2015 m.a. með spurningu um hvort hann gæti átt rétt á frekari lækkun lánsins og hafi verið ákveðið að láta á það reyna. M telur að ágreiningur hans við bankann hafi hafist í fyrsta lagi við birtingu stefnu vegna þessa ágreinings þann 9.2.2016. M segir rangt að ágreiningur við bankann hafi hafist við móttöku bréfs bankans sem dagsett var 26.9.2012 og krefst því að greiðslu úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V vegna dómsmálsins á hendur bankanum þar sem hann var með slíka vátryggingu hjá V á árinu 2016.

V hafnar bótaskyldu og vísar til gr. 57.1 og 57.2 í vátryggingaskilmálum að hægt sé að fara fram á að málskostnaður verði greiddur ef vátryggingin sé í gildi þegar ágreiningur kemur upp og hafi verið það í a.m.k. tvö samliggjandi ár hjá félaginu. V segir að M hafi verið með málskostnaðartryggingu hjá V frá 27.5.2013. V segir ágreining í málinu koma upp 26.9.2012 þegar bankinn hafi hafnað frekari lækkun á láni M. Þá vísar V til þess sem fram kemur á bls. 2 í stefnu að bankinn sé að hafna beiðni M um frekari lækkun lánsins, en um það snúist ágreiningurinn skv. stefnunni og þessi afstaða bankans hafi síðan verið áréttuð með bréfi til M dags. 30.5.2013. V segir ágreining í málinu snúast um lögmati lánsins sem M tók hjá bankanum árið 2006 en ekki eingöngu túlkun á neytendalánalögum.

Álit.

M var fyrst vátryggður með málskostnaðartryggingu hjá V 27.5.2013 og hefði átt rétt til greiðslu úr henni að öðrum skilyrðum uppfylltum vegna réttarágreinings sem upp hefði komið eftir þann tímapunkt, að uppfylltum ákvæðum 57.1 og 2 í vátryggingaskilmálum þeim sem hér ræðir um. Af gögnum málsins þ.m.t. stefnu af hálfu M á hendur bankanum verður ekki annað ráðið en að ágreiningur M og bankans komi upp og liggi fyrir í síðasta lagi í lok september 2012 þegar bankinn hafnaði frekari lækkun á láninu, eftir fyrirspurn M um endurútreikning. Sú afstaða bankans og þau atvik sem voru til staðar og leiða nú til málshöfðunar af hálfu M lágu því fyrir í lok september árið 2012 eða áður en M tók umrædda tryggingu hjá V. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á greiðslum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 28.10.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.